

☒ Re: FW: Uppfærsla: Auglýsing- Breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag

Búið til	6.9.2022 11:52:08
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	6.9.2022 11:52:07
Tilheyrir	 202207-0036 - Breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag

Efni

Re: FW: Uppfærsla: Auglýsing- Breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.9.2022 11:52:07	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is

Innihald

Góðan dag,

Hér fyrir neðan er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202207-0036 (LA, BK, IAS)

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi, dags. 23. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag. Breytingin felst í breyttri landnotkun þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð (FS11) og iðnaðarsvæði (I11) á svæðinu. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sjö frístundahúsalóðum á svæði sem er 3,8 ha og iðnaðarsvæðið er 5,3 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögnin og vill koma með eftirfarandi ábendingar:

Engin friðlýst svæði eru á eða í nálægð skipulagssvæðisins. Leirur utan við Ásmundarnes njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd og eru mikilvæg fæðusvæði vaðfugla.

Þá hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt á B-hluta náttúru-minjaskrá fimm aðskilin svæði við Húnaflóa vegna landselslátra sem saman eru um 29% af heildarstofninum en þar hefur selum fækkað mikið á undanförunum árum (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/hunafloi>) (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/hunafloi>). Bjarnarfjörður er innan eins slíks svæðis.

Við Bjarnarfjörð hafa fundist fornskeljar frá síðjökultíma og er einn fundarstaðurinn nefndur við Ásmundarnes (Sigríður Friðriksdóttir 1978. „Fundarstaðir skelja frá síðjökultíma“, Náttúrufræðingurinn, 48, bls. 75-85). Náttúrufræðistofnun hefur ekki nákvæma staðsetningu á þessum fundarstað og því óvíst hvort hann sé innan eða utan skipulagssvæðisins. Í 2. mgr. 60. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) er fjallað um steindir og steingervinga og þar stendur „Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað.“

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að frárennismál, bæði frá iðnaðarsvæði og frístundabyggð, séu skoðuð sérstaklega með tillit til náttúrufars við ströndina og að gerð sé krafa um hreinsibúnað.

Í greinargerð kemur fram að miðað verði að því að frístundahús fari ekki nær strandlínu en sem nemur 50 m og ætti hið sama að gilda um önnur mannvirki.

Skipulagssvæðið er í dag allmikið raskað vegna umsvífa mannsins m.a. með framræslu auk þess sem lúpína er áberandi næst iðnaðarsvæðinu. Stefnt er að trjárækt á svæðinu. Um er að ræða 15 metra trjábelti milli frístundasvæðis og iðnaðarsvæðis sem og trjárækt vestan við frístundasvæðið og innan þess. Ekki kemur fram hvaða tegundir á að nota en Náttúrufræðistofnun mælist til þess að notaðar verði innlendar tegundir sem falla vel að umhverfinu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: Arwa Alfadhli <skipulag@dalir.is>

Sent: þriðjudagur, 26. júlí 2022 15:50

To: Móttaka - NI <mottaka@ni.is>

Subject: Uppfærsla: Auglýsing- Breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

2010 Garðabæ

Góðan daginn,

Hér er ný dagsetning augýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag.

ATH. Þetta eru sömu gögn og bárust áður með nýrri dagsetningu.

Meðfylgjandi eru skipulagsgögn fyrir breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag en breytingin felst í breyttri landnotkun þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð (FS11) og iðnaðarsvæði (I11) á svæðinu. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sjö frístundahúsalóðum á svæði sem er 3,8 ha og iðnaðarsvæðið er 5,3 ha að stærð.

Tillagan er auglýst frá 27.júlí með athugasemdafresti til 9.september 2022 og samþykkt í sveitarstjórn þann 12.apríl sl.

Óskað er umsagnar skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meðfylgjandi eru öll gögn er varða skipulagstillöguna, ferlið og samþykkt sveitarstjórnar.

F.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps,

Kveðja,

Arwa Alfadhli

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi



Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)

Viðhengi

image001.png (74 KB)

image002.png (11 KB)

